

Minnisblað

03.03.2017

Tílefni

**Haga- og Móaflöt í Garðabæ
Götur og veitur - Endurnýjun
Mat tilboða**Jarðvinna, lagnir og
yfirborðsfrágangur

Verknúmer

17115

Fundarritari

ÁSK/ask@vso.is

Yfirlit

Fimmtudaginn 23. febrúar voru opnuð útboð í jarðvinnu, yfirborðsfrágang og fullnaðarfrágang lagna við Hagaflöt og Móaflöt í Garðabæ. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að verklok séu 1. október.

Í megindráttum felst verkið í endurnýjun á fráveitu, vatnsveitu, dreifikerfi rafveitu, hitaveitu, gagnaveitu ásamt yfirborðsfrágangi þ.e. rennusteinn, steypar stéttar, malbikuð bifreiðastæði og graseyjar milli bifreiðastæða.

Tvö tilboð bárust í verkið frá eftirtöldum aðilum:

Steinmótun ehf	161.537.500 kr.	97%
Ljósþing/Alma verk ehf	172.672.500 kr.	103%
Kostnaðaráætlun	167.000.000 kr.	100%

Við yfirferð tilboða kom í ljós að fimm liðir í tilboðsskrá hjá Steinmótun ehf. skiluðu sér ekki í heildarsummu tilboðs. Ástæðan er villa í Excel skjali sem fylgdi útboðsgögnum, þar vantaði samantektarsummu fyrir þessa fimm liði. Ljósþing/Alma verk ehf. hafði lagfært þessa villu í tilboði sínu. Eftir uppfærslu á tilboði frá Steinmótun voru tilboð sem hér segir:

Steinmótun ehf	186.482.500 kr.	112%
Ljósþing/Alma verk ehf	172.672.500 kr.	103%
Kostnaðaráætlun	167.000.000 kr.	100%

Lægstbjóðandi, Ljósþing/Alma verk ehf., hefur skilað inn gögnum sem uppfylla skilyrði í kafla 0.1.3 *Kröfur til bjóðenda* í verklýsingar. Verktaki hefur reynslu af sambærilegum verkefnum og má þar nefna endurnýjun gangstétta og veitukerfa í Álfheimum árin 2008-2009 fyrir 130 milljónir. Mælt er til þess að tilboði Ljósþing/Alma verk ehf. verði tekið.

Árni Snær Kristjánsson

Dreifing: Eysteinn Haraldsson hjá Garðabæ og Ríkey Magnúsdóttir hjá Veitum